

Akureyri, 3. febrúar 2025

Langanesbyggð

Björn Sigurður Lárusson
Sveitarstjóri

Langanesbyggð - endurskoðun aðalskipulags

Verk- og kostnaðaráætlun í skipulagslýsingu

Verkefnið felst í því að vinna undirbúningsskjal eða stefnulýsingu sveitarfélagsins sem gert er ráð fyrir að verði þegar fullunnið skipulagslýsing fyrir nýtt aðalskipulag Langanesbyggðar.

Lýsing aðalskipulags skv. gr. 4.2.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er eftirfarandi:

Þegar vinna við gerð aðalskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi.

Sameina skal gerð lýsingar aðalskipulagsverkefnis og gerð matslýsingar vegna samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur í umhverfismati skipulagsverkefnisins.

Efni lýsingar aðalskipulags skv. gr. 4.2.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er eftirfarandi:

Setja skal lýsingu fram í greinargerð ásamt yfirlitsmynd yfir skipulagssvæðið. Í lýsingu skal gerð grein fyrir eftirfarandi þáttum í því umfangi sem tillögugerðin gefur tilefni til:

- a. aðdraganda og tilgangi skipulagsgerðar, áherslum sveitarstjórnar við gerð skipulagsins, helstu viðfangsefnum og meginmarkmiðum skipulagstillögunnar,*
- b. umhverfi og aðstæðum á skipulagssvæðinu við upphaf skipulagsgerðar, þ.m.t. meginþættir í búsetu og starfsemi, auk helstu takmarkandi þátta svo sem þeirra sem tengjast náttúruvá, verndun og varúð,*
- c. helstu forsendum stefnumörkunar, svo sem byggðarþróun, þ.e. að gera grein fyrir mannfjöldapróun undanfarinna ára og atvinnumálum og skýra þær breytingar sem orðið hafa. Setja fram framtíðarhorfur um byggðarþróun á svæðinu í samhengi við þróun á landinu öllu,*

- d. áhrifum landsskipulagsstefnu á mótun og forsendur skipulagsins,
- e. tengslum við aðra áætlanagerð á svæðinu og aðliggjandi svæðum svo sem svæðisskipulag, strandsvæðaskipulag og raflínuskipulag, landsskipulagsstefnu og aðrar áætlanir um landnotkun á landsvísu, svo sem um loftslagsmál, samgöngur, orkuvinnslu, landbúnað og umhverfisvernd, skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga, verndar- og orkunýtingaráætlun, kerfisáætlun sem unnin er á grundvelli raforkulaga og aðra stefnumótun sem tengist viðfangsefninu. Lýsa þarf áhrifum þessara áætlana á skipulagsgerðina,
- f. frekari upplýsingum sem ráðgert er að afla og hvernig þær tengjast stefnumörkun áætlunarinnar og umhverfismati hennar,
- g. skipulagsferlinu, svo sem helstu verkáföngum og tímasetningu þeirra og hvernig kynningum, samráði og aðkomu almennings og annarra hagsmunaaðila verði háttað,
- h. hverjir fari með þá málaflökka sem áætlunin taki til og eru umsagnaraðilar og hvenær í vinnuferlinu verði haft samráð við þá,
- i. hvernig staðið verði að umhverfismati áætlunar sbr. 4.4. gr. og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eftirfarandi er áætlun vegna tímafjölda við undirbúningsskjal eða stefnulýsingu fyrir nýtt aðalskipulag Langanesbyggðar:

Samtals **90 – 100 klst.**

Áætlaður kostnaður: 90-100 tímar á meðaltaxta 21.000.- +vsk. sem er um 10% afsláttur.

Áætlaður kostnaður **1.890.000 – 2.100.000.- + vsk.**

F.h. Landslags ehf.

Ómar Ívarsson

Skipulagsfræðingur SFFÍ

Landslag ehf

Kaupangi v/Mýrarveg - 600 Akureyri

sími: 460 4440 - gsm: 663 0617

omar@landslag.is